

Starfsreglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ)

1. grein

Umsóknir og afgreiðsla

Umsóknir

1. Sækja þarf um framlög og styrki til sjóðsins á sérstöku umsóknareyðublaði.
2. Um uppgjör vegna fæðingarorlofs skulu öll sömu gögn fylgja umsókn til sjóðsins og beint er til fæðingarorlofssjóðs skv. lögum nr. 95/2000.
3. Nauðsynleg gögn skulu fylgja umsókn í frumritum eða staðfestum afritum, s.s. læknisvottorð, vottorð launagreiðanda og önnur vottorð er varða erindið.
4. Reikningar, sem framvísað er, skulu bera með sér nafn umsækjanda.
5. Stjórn sjóðsins getur óskað frekari gagna til upplýsinga um málsatvik hjá umsækjanda, telji hún þörf á því.

Afgreiðsla

1. Stjórn sjóðsins vinnur úr umsóknum samkvæmt starfsreglum sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt úthlutunarreglum.
2. Stjórn sjóðsins skal stefna að því að afgreiða umsóknir einu sinni í mánuði. Umsóknum skal skilað inn fyrir 20. hvers mánaðar.

2. grein

Sjúkra- og slysadagpeningar, fæðingarstyrkur.

Til viðbótar sjúkradagpeningum TR eða örorkulífeyri frá TR, lífeyrissjóði eða öðrum greiðslum sem rekja má til fjarverunnar, greiðir sjóðurinn eftirfarandi upphæðir vegna 100% fjarveru eða hlutfallslega ef unnið er skert starf og tímabundins tekjutaps af þeim sökum.

Samanlagðar greiðslur sjóðsins og aðrar greiðslur sem rekja má til fjarverunnar skulu þó aldrei nema hærrí fjárhæð en tekjum sem fallið hafa niður, til dæmis ef viðkomandi fær greiddar atvinnuleysisbætur eða aðrar launagreiðslur samhliða dagpeningum úr sjóðnum.

Dagpeningar vegna veikinda eða slysa sjóðsfélaga:

1. Dagpeninga skal greiða frá þeim tíma að samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu atvinnurekanda lýkur í allt að 4 mánuði (120 daga), helga daga jafnt sem virka, þegar veikindarétti samkvæmt kjarasamningum sleppir.
2. Sjóðsfélagi öðlast rétt að nýju eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslu eftir að fyrri bótatímabili lýkur.

Dagpeningar vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðsfélaga:

1. Vegna langvarandi veikinda barna sjóðsfélaga skal greiða bætur í allt að 30 daga enda missi sjóðsfélagi launatekjur vegna þeirra. Sjóðsstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. annarra styrkja.
2. Sjóðurinn greiðir dagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.

Dagpeningar vegna læknisrannsókna og örorku

1. Greiddir eru dagpeningar vegna læknisrannsókna sem eru undanfari frekari aðgerða, líffæragjafar, aðgerða sem taldar eru nauðsynlegar að mati læknis, glasa og tæknifrjógungar og áfengis- og fíkniefnameðferðar í allt að 45 daga.
2. Dagpeningar eru ekki greiddir þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

Fæðingarstyrkur

- a. **Báðir foreldrar eiga rétt séu þeir aðilar að sjóðnum og uppfylla skilyrði um sjóðsaðild.**

Börn fædd 2010. – Sækja þarf um innan árs frá fæðingu barns. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afriti af nýjum launaseðli (með réttu starfshlutfalli). Styrkurinn er kr. 200.000 til foreldris vegna hvers barns í hlutfalli við starfshlutfall.

Börn fædd 2009 - Sækja þarf um styrkinn fyrir 18 mánaða aldur barns/barna. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afriti af nýjum launaseðli (með réttu starfshlutfalli). Styrkurinn er kr. 170.000 til foreldris vegna hvers barns í hlutfalli við starfshlutfall.

Undanþágur:

- Um ættleiðingar gilda sömu reglur og um venjulega fæðingu væri að ræða.
- Skilyrði greiðslna er að foreldri fari með forsjá barns.
- Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu er greiddur út hálfur fæðingarstyrkur.

Önnur ákvæði:

1. Sjóðsstjórn er heimilt að lengja greiðslutíma dagpeninga, ef hún telur brýna nauðsyn til og fjárhagur sjóðsins leyfir í allt að 6 mánuði (180 daga) til viðbótar.
2. Sjóðsstjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga, ef sjóðsfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.
3. Eftir að sjóðsfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr sjúkrasjóði og greiðslum dagpeninga úr sjóðnum lýkur, öðlast sjóðsfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum að nýju fyrr en þrjú mánuðir eru liðnir frá því hann síðast hlaut greiðslur úr sjóðnum.
4. Dagpeningar skulu vera 80% af grunni inngreiðslna í sjóðinn, enda komi ekki greiðsla vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil. Við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dagpeninga skapast.

Eftir að sjóðsfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr styrktarsjóði hverju sinni og greiðslum dagpeninga úr Styrktarsjóði KTFÍ lýkur, öðlast sjóðsfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum að nýju fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því hann síðast hlaut greiðslur úr sjóðnum. Þetta á þó ekki við um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi eða vegna atvinnuleysis. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 600 daga alls á ævi sjóðsfélaga.

3. grein

Fyrirbyggjandi aðgerðir og verkefni sem stuðla að bættu heilsufari

Útlagður kostnaður sjóðsfélaga vegna meðferðar á líkama og sál.

Endurgreiddur er 75% af kostnaði, samtals fyrir liði 1. til 6. að hámarki kr. 150.000 áhverjum 2 árum, miðað við fyrstu greiðslu styrks. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

1. Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kírópraktor eða sambærileg meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni.
2. Sálfræðiþjónusta, hjúkrunarmeðferð, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf eða sambærilega meðferð hjá viðurkenndum fagmanni.
3. Faraldsfræðilegar rannsóknir/ hjarta-, lungna- og æðaskoðun.
4. Krabbameinsskoðun.
5. Dvöl á dvalar- og heilsustofnunum að læknisráði.
6. Kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja.

Sjóðsfélagar geta sótt um líkamsræktarstyrk að hámarki 30.000 kr. á almanaksári.

4. grein

Gleraugu og augnaðgerðir

Gleraugu og augnaðgerðir:

1. Endurgreitt er allt að 75% af kostnaði sjóðsfélaga vegna gleraugnakaupa (glerja og/eða linsa) á þriggja ára fresti, að lágmarksupphæð kr.10.000 en að hámarki kr. 120.000.
2. Greiddur er styrkur allt að fjárhæð kr. 150.000. vegna laseraðgerða á öðru auga og 300.000 kr vegna laseraðgerða á báðum augum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfelld í minnst eitt ár fyrir aðgerð.

5. grein

Tæknifrjóvganir og ættleiðing

Tæknifrjóvgun:

Greiddur er styrkur allt að kr. 300.000 vegna meðferða á tæknifrjóvgunardeildum.

Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfelld í minnst 1 ár fyrir greiðslu styrks.

Ættleiðing:

Greiddur er styrkur allt að kr. 300.000.

Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfelld í minnst 1 ár fyrir greiðslu styrks

Styrkir skv. 5.gr. greiðast hver um sig að hámarki einu sinni til hvers sjóðfélaga.

6. grein

Heyrnartæki

Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnartækjum, allt að 75% af upphæð af tækjabúnaðar að frádregnum styrk Tryggingastofnunar á þriggja ára fresti að hámarki kr. 150.000.-

7. grein Tannviðgerðir

Greidd eru 50% af tannlæknakostnaði umfram kr. 50.000,- ef árlegur kostnaður er hærri en kr. 50.000. Hámarksgreiðsla er kr. 400.000,- á þriggja ára tímabili.

8. grein Dánarbætur og örorkutrygging

Dánarbætur skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dánarbóta skapast, enda hafi þær verið 1% af launum. Greiðslur skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir maka eða sambýling: jafngildi einna mánaðarlauna
2. Fyrir hvert barn sjóðsfélaga, yngra en 18 ára: jafngildi ½ mánaðarlauna greiðist til barns eða vörsluaðila
3. Fyrir þann aðstandanda sem stendur straum af kostnaði við útför: jafngildi einna mánaðarlauna.

Sjúkrasjóður KTFÍ veitir bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma eða sjúkdóma.

Bæturnar greiðast sem eingreiðsla við örorkumat.

Greidd er fjárhæð 2.000.000 kr. Fyrir 75% örorkumat eða hærra, og lækkar í réttu hlutfalli við minnkandi örorkuhlutfall.

Sjúkrasjóðurinn greiðir einnig dánarbætur vegna andláts barna félagsmanna yngri en 18 ára að jafngildi einna mánaðarlauna.

9. grein Önnur atriði

Sjóðsstjórn er heimilt að veita sjóðsfélaga styrk úr sjóðnum með eingreiðslu vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg sérstök fjárútlát sjóðsfélaga.

Heilbrigðiskostnaður sjóðsfélaga

Að jafnaði er ekki greitt vegna lyfja- og annars heilbrigðiskostnaðar. Við sérstakar aðstæður, s.s. óvænt eða mikil útgjöld eða fjárhagslega erfiðleika af þessum sökum, er þó hægt að sækja um styrk til sjóðsstjórnar.

Hjálp vegna starfstengdra áfalla eða óvæntra starfsloka:

Sjóðurinn styrkir meðferð, allt að átta skipti, hjá fagmanni til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka.

Ferðastyrkur

Hægt er að sækja um ferðastyrk í lækningaskyni vegna alvarlegra veikinda sjóðsfélaga, maka eða barna hans ef vegna þess kostnaðar sem fellur utan greiðslu almannatrygginga.

Flutningur mill sjóða

10. grein

Reglur þessar taka þegar gildi þegar stjórn KTFÍ hefur samþykkt þær.

*Samþykkt af stjórn KTFÍ í mars 2007
Samþykkt af stjórn KTFÍ í janúar 2008
Samþykkt af stjórn KTFÍ í maí 2009
Samþykkt af stjórn KTFÍ í nóvember 2009
Samþykkt af stjórn KTFÍ í janúar 2010
Samþykkt af stjórn KTFÍ í apríl 2010
Samþykkt af stjórn KTFÍ 5. september 2011*